



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Textílmennt 3. - 4. bekkur

Kennarar: Eva Rún Ingimundardóttir

Megintilgangur list- og verkgreina er að gefa nemendum tækifæri til að þróa sköpunargleði, hugmyndaflug og hæfni til að tjá sig á fjölbreyttan hátt með orðum, hreyfingu, tónum, efni og verkfærum þar sem áhersla er lögð á að samhæfa huga, hjarta og hönd. Í þessu námi kynnast nemendur fjölbreyttum aðferðum og miðlum, læra að vinna með tilfinningar, túlka umhverfi sitt í gegnum verk og list. Þeir þjálfast samvinnu, sjálfstæði, frumkvæði og gagnrýna hugsun og öðlast hæfni til að nálgast heiminn á skapandi hátt. Verkgreinar stuðla að því að nemendur verði færir í að framkvæma, takast á við verkefni í samhengi við umhverfi sitt, nýta verkþekkingu og þróa sjálfstraust og útsjónarsemi. Þannig stuðla list- og verkgreinar að jafnvægi í námi og gefa hverjum og einum tækifæri til að blómstra á eigin forsendum.

Námið stuðlar að tæknilæsi, miðlalæsi og ábyrgri notkun upplýsinga þar sem nemendur þjálfast í gagnrýninni hugsun, sköpun, samvinnu og lausnaleit. Kennslan á að efla tæknivitund nemenda, áhuga á stafrænum lausnum og hæfni til að skilja og bregðast við tæknilegum áskorunum nútímans. Með því að samþætta upplýsingatækni við aðrar námsgreinar fá nemendur tækifæri til að tengja tækni við raunveruleg viðfangsefni og þróa hæfni sem nýtist þeim í námi, leik, starfi og lýðræðislegri samfélagsþátttöku.

[Aðalnámskrá grunnskóla - List- og verkgreinar](#)

Meginviðfangsefni

Meginviðfangsefni í 3. bekk er handsaumur (ýmsar aðferðir), að æfa sig að klippa efni og munu þau búa til handabréðu úr filtefni.

Nemendur í 4. bekk munu læra á saumavél, gera ýmis saumaverkefni og sauma bangsa úr flísefni.

Þau vinna þá að mestu leyti með gerviefni en einnig fá þau að þæfa og þá kynnast þau líka ullinni.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Unnið verður eftir aðferðum [Leiðsagnarnáms](#) sem felur m.a. í sér að endurgjöf er veitt jafnt og þétt til nemenda á meðan verkefnavinnu stendur, nemendur vinna með námsfélögum og eru meðvitaðir um viðmið um árangur.

Áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti.



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Námsgögn

- Námsfni hjá kennara, útprentað og úr bókum í Lundi
- Íslensk kemba og þæfingarnálar.
- Saumavél, nálar, tvinni, útsaumsgarn, náttúruæfni, gerviefni og fleira.

Námsmat

- Nemandi fær uppbyggilega leiðsögn um verkefni sín. Nemandi fær tækifæri til að rýna í vinnu sína, leiðrétta, bæta og læra af.